

Framboð til tilnefningarnefndar

Almar Þ. Möller

Almar Þ. Möller hefur starfað sem lögmaður á Mörkinni lögmansstofu frá árinu 2009 og er einn eigenda stofunnar. Í störfum sínum hefur hann sinnt fjölbreyttum verkefnum, m.a. á sviði fyrirtækjaráðgjafar. Almar hefur málflutningsréttindi fyrir héraðsdómsstólum og Landsrétti.

Almar á ekki hlut í SKEL.

Hann telst óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess en hins vegar ekki óháður stórum hluthöfum í félaginu samkvæmt skilgreiningu í leiðbeiningum VÍ o.fl. um góða stjórnarhætti.

Álfheiður Eva Óladóttir

Álfheiður starfar sem endurmenntunarstjóri og stundakennari við Háskólann á Bifröst. Álfheiður er jafnframt framkvæmdastjóri og ráðgjafi hjá Vinnu og vellíðan. Álfheiður er með M.Sc. í stjórnun og stefnumótun og B.A. í sálfræði. Álfheiður er ennfremur markþjálfari og viðurkenndur sérfræðingur á sviði vinnuverndar. Áður starfaði hún sem stjórnunarráðgjafi hjá Skilvirk og sem mannauðsstjóri hjá Flensborgarskóla.

Álfheiður á ekki hlut í SKEL.

Hún telst óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.